

L Ö G

38
19. maí

um

breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum,
nr. 14, 22. okt. 1912.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað 1. gr. laga nr. 76 28. nóv. 1919 komi:

Laun yfirsetukvenna í kaupstöðum skulu greidd úr bæjarsjóði, en í sveitum að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveimur þriðju hlutum úr ríkissjóði. Utan kaupstaða skulu launin greidd á manntalsþingi, en mánaðarlega í kaupstöðum.

Launin skal miða við manntal umdæmisins við síðustu áramót, þannig:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, skulu árslaun vera 300 krónur.
2. Í umdæmum, sem hafa fleiri en 300 manna, skulu árslaunin vera 300 krónur, að viðbættum 10 kr. fyrir hverja fulla fimm tugi manna, sem fram yfir eru 300.
3. Í kaupstöðum, þar sem eru tvær eða fleiri yfirsetukonur, skal deila íbúatölu jafnt milli þeirra, og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum yfirsetukonum, þó aldrei yfir 1000 kr. í byrjunarlaun.

Laun allra yfirsetukvenna skulu hækka eftir 5 ár um 50 krónur, og eftir önnur 5 ár um 50 krónur. Þó mega launin án dýrtíðaruppbótar aldrei fara fram úr 1500 krónum.

Á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót af aðiljum eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins. Yfirsetukonur, sem skipaðar hafa verið áður en lög þessi öðluðust gildi, taka launabót eftir þjónustualdri.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1931.

38

3. gr.

19. maí

Þá er lög þessi hafa öðlzt staðfestingu, skal fella texta þeirra og laga nr. 76, 28. nóv. 1919, inn í meginmál laga nr. 14 22. okt. 1912, og gefa þau út svo breytt sem yfirsetukvænnalög.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnason.

39

19. maí

L Ö G

um

framlenging á gildi laga um verðtoll.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Lög nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll á nokkrum vörum, svo og lög nr. 5, 3. apríl 1928, um breyting á þeim lögum, skulu gilda til ársloka 1931.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnason.